

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2024/3095****2025/EES/28/34****frá 29. júlí 2024**

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2021/1698 að því er varðar vottun tiltekinna rekstraraðila og hópa rekstraraðila í þriðju löndum og eftirlit sem eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar inna af hendi með lífrænt ræktuðum vörum þeirra (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ⁽¹⁾, einkum ii. lið b-liðar 7. mgr. 46. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1698 ⁽²⁾ bætir við reglugerð (ESB) 2018/848 með reglum um athuganir fyrir vottun rekstraraðila eða hópa rekstraraðila og um eftirlit sem eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar, sem eru viðurkennd í samræmi við 1. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 (fyrirkomulag um reglufylgni), inna af hendi með þessum rekstraraðilum og hópum rekstraraðila og vörum þeirra.
- 2) Samkvæmt 1. mgr. 57. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 mun viðurkenning á eftirlitsyfirvöldum og eftirlitsaðilum, sem er veitt skv. 3. mgr. 33. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 ⁽³⁾ (fyrirkomulag um jafngildi) falla úr gildi 31. desember 2024.
- 3) Frá og með 1. janúar 2025 verða eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar að vera viðurkennd samkvæmt fyrirkomulaginu um reglufylgni til að votta og hafa eftirlit með rekstraraðilum og hópum rekstraraðila í þriðju löndum. Slík viðurkenning byggist á mati á beiðnum þeirra um viðurkenningu sem lagðar eru fram í samræmi við 4. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 og samanstanda af tæknilegum málsskjölum sem verða að innihalda allar þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að tryggja að viðmiðanirnar fyrir viðurkenningu, sem settar eru fram í 2. mgr. 46. gr. þeirrar reglugerðar, séu uppfylltar.
- 4) Einungis takmarkaður fjöldi beiðna um viðurkenningu í samræmi við 1. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 hefur verið lagður fyrir framkvæmdastjórnina nógu tímanlega til að eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar geti undirbúið útgáfu vottorða á fullnægjandi hátt til rekstraraðila og hópa rekstraraðila í þriðju löndum í samræmi við fyrirkomulagið um reglufylgni.
- 5) Samkvæmt 4. og 10. mgr. 9. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/1698 verður útgáfa vottorða til rekstraraðila og hópa rekstraraðila að byggjast á niðurstöðum sannprófunar á að farið sé að reglugerð (ESB) 2018/848, sem tekur til vöruskoðunar á staðnum. Vegna tafa á viðurkenningu eftirlitsyrvalda og eftirlitsaðila í samræmi við fyrirkomulagið um reglufylgni sem koma til vegna tafa á framlagningu beiðna um viðurkenningu geta þessi eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar ef til vill ekki framkvæmt allar nauðsynlegar skoðanir á staðnum sem gera það kleift að gefa tímanlega út vottorð til rekstraraðila og hópa rekstraraðila í þriðju löndum í samræmi við fyrirkomulagið um reglufylgni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2024/3095, 9.12.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2025 frá 14. mars 2025 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2018/848/oj>.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1698 frá 13. júlí 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar kröfur um málsmæðferð er varða viðurkenningu á eftirlitsyfirvöldum og eftirlitsaðilum sem eru til þess bær að annast eftirlit með lífrænt ræktuðum rekstraraðilum og hópum rekstraraðila og með lífrænt ræktuðum vörum í þriðju löndum og að því er varðar reglur um eftirlit með þeim og eftirlit og aðrar aðgerðir sem þessi eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar eiga að annast (Stjtið. ESB L 336, 23.9.2021, bls. 7, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2021/1698/oj).

(3) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 (Stjtið. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2007/834/oj>).

- 6) Í því skyni að komast hjá óþarfa röskun á viðskiptum með lífrænt ræktaðar vörur meðan beðið er eftir útgáfu vottorða til rekstraraðila og hópa rekstraraðila í samræmi við framselda reglugerð (ESB) 2021/1698 og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1378⁽⁴⁾ er nauðsynlegt að kveða á um að í takmarkaðan tíma megi eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar, sem þegar eru viðurkennd samkvæmt fyrirkomulaginu um reglufylgni, gefa út skoðunarvottorð fyrir sendingar af vörum frá þeim rekstraraðilum og hópum rekstraraðila í þriðju löndum sem hafa undir höndum gildar skjalfestar sannanir, sem eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar sem eru viðurkennd samkvæmt fyrirkomulaginu um reglufylgni gefa út, á grundvelli sannprófunar á samræmi þessara sendinga við reglurnar sem um getur í 1. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.
- 7) Í þessu skyni er einnig nauðsynlegt að kveða á um að skjalfestu sannanirnar, sem eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar sem eru viðurkennd samkvæmt fyrirkomulaginu um reglufylgni gefa út til rekstraraðila og hópa rekstraraðila sem bíða vottunar samkvæmt fyrirkomulaginu um reglufylgni 31. desember 2024, gildi áfram eftir 31. desember 2024 þar til þau renna út og, í öllum tilvikum, í takmarkaðan tíma.
- 8) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2021/1698 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi grein er bætt við í framselda reglugerð (ESB) 2021/1698:

„30. gr. a

Undanþága vegna vottunar rekstraraðila og hópa rekstraraðila í þriðju löndum sem bíður afgreiðslu

1. Þrátt fyrir 16. gr. þessarar reglugerðar, ef vottun viðkomandi eftirlitsyfirvalds eða eftirlitsaðila, í samræmi við 9. gr. (10. mgr.) og 10. gr. þessarar reglugerðar og við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1378 (*), á rekstraraðilum og hópum rekstraraðila í þriðju löndum bíður afgreiðslu 31. desember 2024 skal sannprófun eftirlitsyfirvaldsins eða eftirlitsaðilans á sendingum, sem eru ætlaðar til innflutnings til Sambandsins, frá þessum rekstraraðilum eða hópum rekstraraðila fara fram með tilliti til þess að farið sé að reglunum sem um getur í 33. gr. (1. mgr.) reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 (**) til 15. október 2025.
2. Í kjölfar sannprófunar skv. 1. mgr. skal viðkomandi eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili gefa út skoðunarvottorð skv. 4. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2306 (***).
3. Skjalfestar sannanir sem eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar, sem eru viðurkennd í samræmi við 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, gefa út fyrir 31. desember 2024 til rekstraraðila og hópa rekstraraðila þar sem vottunin sem um getur í 1. mgr. bíður afgreiðslu 31. desember 2024 skulu gilda áfram fram til loka gildistíma þeirra en ekki lengur en til 15. október 2025.

⁽⁴⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1378 frá 19. ágúst 2021 um tilteknar reglur sem varða vottorð sem er gefið út til rekstraraðila, hópa rekstraraðila og útflytjenda í þriðju löndum sem koma að innflutningi á lífrænt ræktaðum vörum og vörum í aðlögun inn í Sambandið og um að koma á fót skrá yfir viðurkennd eftirlitsyfirvöld og viðurkennda eftirlitsaðila í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 (Stjtið. ESB L 297, 20.8.2021, bls. 24, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2021/1378/oj).

4. Að því er varðar eftirlit með rekstraraðilum og hópum rekstraraðila, sem um getur í 1. mgr., skal líta á tilvísanir í 9. gr. (1. og 2. mgr.), 11. gr. (c-liður 1. mgr.), 14. gr. (1. mgr.), 22. gr. (1. mgr.), 23. gr. (3. mgr.) og B-hluta IV. viðauka við þessa reglugerð til þess að farið sé að reglugerð (ESB) 2018/848 sem tilvísanir til reglnanna sem um getur í 33. gr. (1. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og líta skal á tilvísanir í 16. gr. (3. mgr.), 19. gr. (3. mgr.) og 23. gr. (4. mgr.) þessarar reglugerðar til vottorðsins sem um getur í i. lið b-liðar 1. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 sem tilvísanir til skjalfestra sannana sem eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar, sem eru viðurkennd í samræmi við 33. gr. (3. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 834/2007, gefa út fyrir 31. desember 2024 til rekstraraðila og hópa rekstraraðila sem um getur í 1. mgr.

- (*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1378 frá 19. ágúst 2021 um tiltekna reglur sem varða vottorð sem er gefið út til rekstraraðila, hópa rekstraraðila og útflytjenda í þriðju löndum sem koma að innflutningi á lífrænt ræktuðum vörum og vörum í aðlögun inn í Sambandið og um að koma á fót skrá yfir viðurkennd eftirlitsyfirvöld og viðurkennda eftirlitsaðila í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 (Stjtið. ESB L 297, 20.8.2021, bls. 24, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2021/1378/oj).
- (**) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 (Stjtið. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2007/834/oj>).
- (***) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2306 frá 21. október 2021 um að bæta við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 reglum um opinbert eftirlit að því er varðar sendingar af lífrænt ræktuðum vörum og vörum í aðlögun sem eru ætlaðar til innflutnings til Sambandsins og skoðunarvottorð (Stjtið. ESB L 461, 27.12.2021, bls. 13, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2021/2306/oj).“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. júlí 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.